

Vistsporið

Fréttabréf í tölvupósti 20.apríl 2013

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Vistbyggðarráðs var haldinn á Kjarvalsstöðum þann 11. apríl síðastliðinn. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundastörf. Alls mættu fulltrúar rúmlega 20 aðildarfélaga á fundinn að þessu sinni.

Í upphafi fundar hélt Erla Sigríður Gestsdóttir, verkfræðingur og sérfræðingur á sviði orkustarfsemi og innviða hjá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu hélt erindi sem bar titilinn, „Straumar og stefnur í orkumálum Íslands og nágrannaríkja.“ Sköpuðust í kjölfarið umræður um græn skírteini/upprunavottorð. Fundagerð aðalfundar fylgir með í viðhengi og eru þeir aðilar sem mættu á fundinn sérstaklega hvattir til að lesa hana yfir og gera athugasemdir fyrir miðvikudaginn 24. apríl. Þá er vakin athygli á því að hægt er að sækja skýrslu stjórnar, ársreikning 2012 og [starfsáætlun 2013](#) á vefsíðunni.

RÁÐSTEFNA

Unnið er að undirbúningi ráðstefnu og vonandi verður kynningarefni og dagskrá orðin klár í næstu viku til kynningar en ráðstefnan ber titilinn, **Fortíðarhyggja eða framtíðarsýn. Sjálfbært byggðarmynstur í íslensku þéttbýli**. Aðilar eru hvattir til að taka morguninn **16. maí** frá, en ráðstefnan verður haldin á Nauthól frá kl. 8:30-12:30. Að þessu sinni er áherslan á vistvænt skipulag og fáum við sem aðalfyrirlesara sænska arkitektinn og borgarhönnuðinn Klas Tham sem var einn aðal hugmyndasmiður þeirra framkvæmdar sem fólst í uppbyggingu og endurhönnun Vesturhafnarinnar í Malmö um aldamótin, en um leið er horft til uppbyggingar m.a. á hafnarsvæðinu í Reykjavík.

Ef að einhverjir hafa hug á að styrkja ráðstefnuna og koma fram á kynningarefni þá má hafa samband við framkvæmdastýru.

ÚTGÁFA / KYNNINGARMÁL

Á aðalfundinum var kynnt útgáfa póstkorts um sjálfbærar byggingar sem ætlað er til almennar dreifingar, og er eitt þeirra verkefna sem koma út úr stefnumótun sem unnið hefur verið að undanfarin misseri.

Hægt er að lesa stefnumótunarskýrslu [VBR hér](#).

Þá er unnið að útgáfu bæklinga um vistvænt skipulag á vegum starfshóps um Vistvænt skipulag og er stefnt á að hann verði kynntur á ráðstefnunni 16. maí. Styrkur til útgáfunnar kom frá Umhverfissráðuneytinu á síðasta ári.

Vistbyggðarráð hefur haldið úti facebook síðu um nokkurt skeið og eru aðilar sérstaklega hvattir til að skoða hana og „læka“ bæði síðuna og innlegg, þannig nýtist hún best sem markaðstæki og kynningarvettvangur. Þar er t.d. að finna nýúttekið myndband frá World Green Building Council. [Vistbyggðarráð á facebook](#)

NÝJIR AÐILAR

Á aðalfundinum var kynnt átak í aðilasöfnun til að styrkja enn frekar tekjugrunn félagsins, en átakið hefur verið kallað, „*einn fyrir einn*“. Hugmyndin er að skora á alla aðila til að koma með einn nýjan aðila á árinu.

Því er um að gera að nota sér kynningarefni sem nú þegar hefur verið gefið út og vísa í kjölfarið á undirritaða sem myndi gefa allar praktíska upplýsingar um aðild og svara ýmsum spurningum sem kunna að vakna. Einnig er hægt að panta kynningu á starfsemi VBR. Þá er hægt að benda á heimasíðuna þar sem kostir aðildar eru [reifaðir](#).

Fljótlega verður aðilum sendur kynningapakki, bæklingar og bréf sem hægt er að láta liggja frammi og er vonandi að sem flestir geti lagt þessu átaki lið- en svokölluð „maður á mann“ átök geta verið mun áhrifaríkari en dýr markaðssetning og er mikilvægt fyrir félagasamtök eins og Vistbyggðarráð að nýta sér þau tækifæri sem í því felast.

Að lokum þá er við hæfi, í kjölfar aðalfundar, að þakka aðilum VBR fyrir framlag sitt og samstarf á liðnu starfsári.

Það er lyklatriði í starfsemi sem þessari að leggja áherslu á gott samstarf, bæði erlendra og innlendra aðila, ekki síst stjórnvalda. Það eru mörg spennandi verkefni framundan og er óhætt að segja að almennur áhugi og þekking á umhverfisáherslum á byggingarmarkaði og í tengslum við skipulag hafi aukist á þeim árum sem VBR hefur starfað. Enn eigum við þó margt óunnið, ætlum við að halda í við það sem er að gerast í nágrennalöndunum.

Vistbyggðarráð ætlar sannarlega að marka sér stöðu sem virkt og leiðandi afl á þessum vettvangi.